

# 248. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 5. APRÍL 2016 KL 13:00

haldinn á Biskupsstofu

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda
2. Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, reist á erindisbréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015.
  - a) Samningur milli Biskupsstofu og kirkjuráðs - Drög
  - b) Tilfærsla starfsfólks
  - c) Afturköllun ákvörðunar um launanefnd
  - d) Innra eftirlit
3. Minnisblað biskups Íslands 6. janúar 2016
  - a) Svör framkvæmdastjóra til kirkjuráðs
4. Beiðni um upplýsingar
5. Fjármál
  - a) Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016
  - b) Þjóðmálanefnd
  - c) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar
  - d) Fundargerð fjármálahóps
  - e) Hinn almenni kirkjusjóður
  - f) Leikmannastefna
6. Starfslýsing framkvæmdastjóra - endurskoðun
7. Kirkjuþing
  - a) 2. mál kirkjuþings, um fjármál
  - b) Bréf frá löggjafarnefnd dagsett 5.4.2016
  - c) Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta – endurskoðun
  - d) Sölulisti yfir fasteignir kirkjumálasjóðs
  - e) Erindi frá séra Geir Waage
8. Fasteignir
  - a) Fundargerð kirkjustarfshóps
9. Önnur mál
  - a) Njarðvíkursóknir, staða mála

- b) Bréf frá P.Í.
- c) Kirkjutónlistarráð
- d) Fundargerð kirkjustarfshóps frá 9. mars sl.
- e) Skálholt, framhald frá síðasta fundi

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐIR SÍÐUSTU FUNDI

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 13:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Framkvæmdastjóri vék af fundi ásamt ritara undir dagskrárlíð 3.

Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri Biskupsstofu sat fundinn undir dagskrárlíðum 2 og 5.

Egill Heiðar Gíslason, fyrsti varaforseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárlíð 7.

Biskup setti fund með ritningarlestri og bæn.

Fundargerðir 246. og 247. kirkjuráðsfunda voru undirritaðar.

---

## 2. ÁLITSGERÐ UM VALDMÖRK BISKUPS ÍSLANDS OG KIRKJURÁÐS ÞJÓÐKIRKJUNNAR, REIST Á ERINDISBRÉFI KIRKJURÁÐS 20. NÓVEMBER 2015

---

*a) Samningur milli Biskupsstofu og kirkjuráðs – Drög*

Biskup lagði fram drög að samstarfsamningi milli Biskupsstofu og kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að rýna drögin.

*b) Tilfærsla starfsfólks*

Í ljósi álitgerðarinnar heyrta framkvæmdastjóri kirkjuráðs, verkefnisstjóri fasteignasviðs og fulltrúi kirkjuráðs, beint undir kirkjuráð. Gerðar hafa verið viðbætur við ráðningarsamning verkefnisstjóra fasteignasviðs, svo umboðið sé skýrt. Ráðningasamningar þeirra þriggja starfsmanna taka nú mið af framangreindu.

*c) Afturköllun ákvörðunar um launanefnd*

Launastefna Biskupsstofu er unnin á grundvelli miðlægra kjarasamninga aðildarféлага BHM við ríkið. Þá tekur launastefna einnig mið af stofnanasamningum Biskupsstofu við viðkomandi aðildarfélag BHM. Líður í kjarasamningum sl. árs er endurskoðun stofnanasamninga stofnana ríkisins og er hún unnin í nánu samstarfi við einstök aðildarfélag. Mótun launastefnu Biskupsstofu er á ábyrgð stofnunarinnar, unnin í samstarfi við ofangreinda aðila. Vinnan verður kynnt kirkjuráði jöfnum höndum.

Kirkjuráð samþykkti að afturkalla fyrri ákvörðun um skipan launanefndar.

Séra Elínborg Gísladóttir óskaði eftir að bókað yrði: „Nefndinni var falið að fara yfir launasetningar yfirmanna á Biskupsstofu. Það er áhyggjuefni að sú vinna nái ekki fram að ganga.“

*d) Innra eftirlit*

Biskup mun í samráði við Ríkisendurskoðun skrá verklagsreglur vegna fjármála og móta nýjar reglur eftir því sem við á og mun sú vinna sett í forgang á Biskupsstofu. Fundur með Ríkisendurskoðun vegna þessa er fyrirhugaður fimmtudaginn 7. apríl nk. og munu skrifstofu- og mannauðsstjóri og framkvæmdastjóri kirkjuráðs sækja þann fund með biskupi. Þá verður komið á eftirlitskerfi, innra eftirliti, sem tryggir að settum verklagsreglum sé fylgt, tímamörk virt og almennt gegnsær og góðir starfshættir viðhafðir.

---

### 3. MINNISBLAÐ BISKUPS ÍSLANDS DAGSETT 6. JANÚAR SL.

---

Á síðasta fundi kirkjuráðs var samþykkt að taka til efnislegrar umfjöllunar innihald minnisblaðs biskups Íslands frá 6. janúar sl.

*a) Svör framkvæmdastjóra kirkjuráðs.*

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs lagði fram skriflegar skýringar á því sem fram kemur í minnisblaði biskups frá 6. janúar sl.

Málið er í farvegi samkvæmt fundargerð kirkjuráðs frá 8. mars 2016.

---

### 4. BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

---

Beiðni barst kirkjuráði frá fréttastofu RÚV um að veita aðgang að tilteknum gögnum frá fyrri kirkjuráðsfundi.

Kirkjuráð samþykkti að hafna beiðni fréttastofu RÚV vegna þess að persónulegir verndarhagsmunir starfsmanns og viðskiptavina mæla gegn því að gögnin séu afhent, sbr. 7. gr. laga nr. 140/2012.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindi fréttastofu í samræmi við framangreint.

---

### 5. FJÁRMÁL

---

*a) Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016*

Endurskoðuð rekstraráætlun Biskupsstofu (þjóðkirkjunnar) og endurskoðuð fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs lögð fram og rædd.

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi endurskoðaða rekstraráætlun Biskupsstofu vegna ársins 2016.

<b>Rekstraráætlun Biskupsstofu 2016</b>	<b>Rekstraráætlun m.v. efndan samning</b>
<b>Áæfluð afkoma</b>	<b>2.936.000</b>
<b>TEKJUR</b>	<b>1.980.500.000</b>
Fjárveiting skv. fjárlagafrumvarpi	1.980.500.000
Endurgjald samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi 2016	1.980.500.000
<b>GJÖLD</b>	<b>1.977.564.000</b>
<b>Laun alls</b>	<b>1.905.364.000</b>
Prestar og prófastar laun og launatengd gjöld	1.515.200.000
Launakostnaður Biskupsstofu sem greiddur er úr Fjs.	200.524.000
Kostnaðarhlutdeild kirkjumálasjóðs og annarra sjóða í rekstri	-55.343.000
Launakostnaður biskup Íslands og vígslubiskupa	44.040.000
Endurgreiðsla vegna launa úr jöfnunarsjóði	-10.000.000
Náms- og veikindaleyfi	63.600.000
Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	138.000.000
<b>Rekstrarkostnaður biskups Íslands og vígslubiskupa</b>	<b>13.000.000</b>
Biskup Íslands - biskup Íslands – rekstrarkostnaður	6.000.000
Biskup Íslands - vígslubiskup í Skálholti – rekstrarkostnaður	3.000.000
Biskup Íslands - vígslubiskup á Hólum - rekstrarkostnaður	2.000.000
Biskup Íslands – biskupafundur	1.000.000
Biskup Íslands - prófastafundur	1.000.000
<b>Almennur rekstur</b>	<b>59.200.000</b>

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi endurskoðaða fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs vegna ársins 2016.

<b>Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2016</b>	
<b>Áætlaður tekjuafgangur</b>	<b>657.000</b>
<b>Tekjur</b>	<b>380.650.000</b>
<b>Gjöld</b>	<b>379.993.000</b>
<b>TEKJUR</b>	<b>380.650.000</b>
<b>Fjárveiting á fjárlögum</b>	<b>298.000.000</b>
Kirkjumálasjóður skv. lögum nr. 138/1993	298.000.000
<b>Leigutekjur</b>	<b>78.750.000</b>
Húsaleiga og kostnaðarhlutdeild Kirkjujarðasjóðs	1.300.000
Húsaleiga og kostnaðarhlutdeild Skálholtsútgáfunnar	4.200.000
Húsaleiga Tónskólans	1.000.000
Húsaleiga vegna prestssetra og biskupssetra	40.800.000
Húsaleiga vegna Laugavegar 31, Biskupsstofa	14.400.000
Húsaleiga vegna Skálholts	1.050.000
Aðrar leigutekjur	8.000.000
Lóða og landréttindaleiga	8.000.000

<b>Aðrar tekjur</b>	<b>2.400.000</b>
Fjölskylduþjónustan - (fors. 600 viðtöl @ kr. 4.000,-)	2.400.000
<b>Vaxtatekjur</b>	<b>1.500.000</b>
<b>GJÖLD</b>	<b>379.993.000</b>
<b>Kirkjumálasjóður launagjöld og kostnaðarhlutdeild</b>	<b>75.000.000</b>
<b>Kirkjumálasjóður – framlög</b>	<b>40.000.000</b>
Styrkur vegna kirkjutónlistarmála (Tónskóli þjóðkirkjunnar)	30.000.000
Samkomulag vegna skuldaniðurfellingar vegna Skálholts	10.000.000
<b>Kirkjuþing</b>	<b>32.700.000</b>
Kirkjuþing - almennur rekstur	30.000.000
Kirkjuþing – forsætisnefnd	500.000
Kirkjuþing – allsherjarnefnd	500.000
Kirkjuþing – fjárhagsnefnd	500.000
Kirkjuþing – laganefnd	500.000
Kirkjuþing - kirkjuþing unga fólksins	700.000
<b>Kirkjuráð</b>	<b>22.000.000</b>
Kirkjuráð - almennur rekstur	19.000.000
Kirkjuráð – fjármálahópur	1.000.000
Kirkjuráð – lagahópur	1.000.000
Kirkjuráð – kirkjumálahópur	1.000.000
<b>Fjármálasvið</b>	<b>2.543.000</b>
Fjármálasvið – lífeyrishækkanir	1.700.000
Fjármálasvið - starfsþjálfun djákna- og prestsefna	843.000
<b>Fjölskylduþjónusta kirkjunnar</b>	<b>29.800.000</b>
Fjölskylduþjónustan	26.000.000
Fjölskylduþjónustan - almenn starfsemi	1.300.000
Fjölskylduþjónustan – handleiðsla	2.500.000
<b>Kirkjumálasjóður - fasteignir og vaxtakostnaður</b>	<b>157.000.000</b>
Fasteignir alls	132.000.000
Vaxtakostnaður	25.000.000
<b>Nefndastörf</b>	<b>17.450.000</b>
<b>Stefnur</b>	<b>3.500.000</b>
Biskup Íslands – prestastefna	3.000.000
Biskup Íslands – leikmannastefna	500.000

Kirkjuráð samþykkti að kr. 52.218.829, - verði bakfærðar frá Biskupsstofu yfir á kirkjumálsjóð. Um þann hluta styrks vegna hagræðingarkröfu er að ræða sem ógreiddur var 31.12.2015. Heildarstyrkurinn var áætlaður kr. 124.500.000, - skv. fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Kirkjuráð samþykkti að kr. 72.281.171.-, verði endurgreiddar kirkjumálasjóði af reikningi Biskupsstofu, en það er sá hluti styrksins sem búið er að greiða á árinu 2015.

Kirkjuráð samþykkti að veita heimild til að nýta ónýtta fjárheimild frá síðasta ári á yfirstandandi ári að fjárhæð kr. 222.216.- til að fjármagna þjónustu við tálknámstúlkun.

*a) Þjóðmálanefnd*

Beiðni þjóðmálanefndar um aukna fjárveitingu vegna yfirstandandi árs lögð fram. Kirkjuráð samþykkti að veita þjóðmálanefnd viðbótarfjárveitingu úr kirkjumálasjóði að fjárhæð kr. 500.000.- og verði því í heild að fjárhæð kr. 800.000.- vegna yfirstandandi árs.

*b) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar*

Beiðni nefndar um fimm alda minningu siðbótarinnar um að fá að nýta ónýtta fjárheimild vegna ársins 2015 á yfirstandandi ári.

Kirkjuráð samþykkti beiðnina.

*c) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs*

Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs frá 4. apríl sl. lögð fram til kynningar.

*d) Hinn almenni kirkjusjóður*

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur að breyttum tilgangi Hins almenna kirkjusjóðs. Kirkjuráð samþykkti að fela löggjafarhópi kirkjuráðs að setja málið í endanlegan búning.

*e) Leikmannastefna*

Beiðni framkvæmdastjóra leikmannastefnu lögð fram, þess efnis að kirkjuráð auki fjárveitingu vegna Leikmannastefnu 2016. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu beiðninnar fyrir næsta kirkjuráðsfund.

---

## 6. STARFSLÝSING FRAMKVÆMDASTJÓRA, ENDURSKOÐUN

---

Lögð var fram til umræðu endurskoðuð starfslýsing framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkti endurskoðaða starfslýsingu framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

---

## 7. KIRKJUÞING

---

Fyrsti varaforseti kirkjuþings ræddi um þau mál sem verða á dagskrá næsta kirkjuþingsfundar sem fram fer 15. apríl nk.

*a) 2. mál kirkjuþings, um fjármál*

Afgreiðslu á öðru máli kirkjuþings 2015 var frestað á kirkjuþingi vegna þess að vinnu við uppgjör sjóða og fjármála kirkjunnar var ekki lokið í tæka tíð fyrir fyrri fundi kirkjuþings. Vinna við fjármál þjóðkirkjunnar hefur nú staðið yfir síðustu vikur og verður lokið fyrir næsta fund kirkjuþings.

*b) Bréf frá löggjafarnefnd kirkjuþings dagsett 5. apríl 2016*

Bréf löggjafarnefndar kirkjuþings dagsett 5. apríl sl. lagt fram.

*c) Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta – endurskoðun*

Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta voru samþykktar á kirkjuþingi í nóvember sl. Reglurnar áttu að taka gildi þann 1. janúar sl. Innanríkisráðuneytið gerði athugasemdir við afgreiðslu kirkjuþings og tóku reglurnar því ekki gildi fyrr en í marsmánuði. Prófastafundur hefur einnig gert athugasemdir við starfsreglurnar og hefur óskað eftir því að þær verði á ný teknar fyrir á fundum kirkjuþings.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við forsætisnefnd að leitað verði afbrigða svo hægt verði að taka málið fyrir að nýju á kirkjuþingsfundi þann 15. apríl nk.

*d) Sölulisti fasteigna kirkjumálasjóðs*

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við forsætisnefnd að leitað verði afbrigða svo hægt verði að leggja fram á kirkjuþingi lista yfir þær eignir kirkjumálasjóðs sem kirkjuráð óskar eftir heimild kirkjuþings til að selja.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að fylgja málinu eftir.

*e) Erindi frá séra Geir Waage til forsætisnefndar dagsett 4. apríl sl.*

Erindi séra Geirs Waage til forsætisnefndar lagt fram til kynningar.

---

## 8. FASTEIGNIR

---

*a) Fundargerð kirkjustarfshóps frá 9. mars sl. lögð fram.*

Fundargerð kirkjustarfshóps frá 9. mars sl. lögð fram til kynningar.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

*a) Njarðvíkursóknir, staða mála*

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

Njarðvíkursóknir hafa veitt upplýsingar og útskýringar við þeim spurningum sem beðið var um. Öllum aukagreiðslum hefur verið hætt til sóknarprestisins og hefur það verið staðfest af formönnum sóknarnefndanna. Málinu er því lokið af hálfu kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að fara yfir starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011 með það fyrir augum að kirkjuráð leggi endurskoðaðar starfsreglur fyrir kirkjuþing 2016.

*b) Bréf frá P.Í.*

Bréf frá stjórn PÍ dagsett 30. mars sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindi stjórnarinnar.

*c) Kirkjutónlistarráð*

Ódagsett erindi frá formanni kirkjutónlistarráðs lagt fram, varðandi beiðni um frest til að skila tillögum um endurskoðun á kirkjutónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að veita kirkjutónlistarráði frest til júní nk. til að skila tillögum sínum varðandi endurskoðun á kirkjutónlistarstefnunni.

*d) Lögfræðiráðgjöf*

Heimild til kirkjuráðs til að leita til lögmanns vegna ráðgjafar.

Kirkjuráð samþykkti að greiða fyrir lögfræðiráðgjöf vegna vinnu við álitsgerð.

*e) Skálholt, framhald frá síðasta fundi*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að setja sig í samband við Hlyn Óskarsson vegna endurheimtar votlendis í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að tilnefna séra Hrein Hákonarson í stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur kirkjuráðs verður föstudaginn 15. apríl nk. kl. 12 í Digraneskirkju, fyrir næsta fund kirkjuþings.

Fundur kirkjuráðs í maí verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 10. maí nk. kl. 9:30.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Þorvaldur Víðisson,  
ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.